

vændum þar í landi, þegar hinum frjálslyndari stjórnmálauflokkum vex svo flskur um hrygg, að þeir nái sínum málum fram að koma.

Það hefir sætt mikilli eftirtekt, að Þýzkalandskeisari hótaði nýlega að innlima fylkin Elsass og Lothringen í Prússland. Þessi fylki, sem liggja vestast í Þýzkalandi fast við landamæri Frakklands, hafa tilheyrт þýzka ríkinu síðan Þjóðverjar unnu sigur á Frökkum 1870—71. Þau hafa notið sjálfstjórnar að nokkru leyi, líkt og önnur fylki og ríki, sem þýzka keisararíkið samanstendur af. En þrátt fyrir allar tilraunir þýzku stjórnarinnar hefir ekki tekist að uppræta frakkneskt þjóðerni og vináttu til Frakklands meðal íbúa fylkjanna.

Enginn viðburður hefir, að líkendum, dregið eins að sér athygli manna og forseta útnefningar Bandaríkjanna. Í republíka floknum var langur bardagi og harður milli fylgjenda Tafts forseta og þeirra, sem vilja koma fyrverandi forseta, Roosevelt, að. Taft fékk útnefningu flokksins; en fylgjendur Rooseveltts útnefndu hann á sérstökum fundi, er þeir héldu á eftir. Ráðgera þeir að mynda nýjan stjórnmálauflokk áður en kosningar fara fram í nóvember í haust. Hvort það tekst er víst enn þá mikil vafamál. Því er spáð, að sundurþykjkjan innan flokksins gefi forsetaefni demókrata byr undir báða vængi. En þegar þess er gætt hve stór afismunur flokkanna hefir verið við undanfarnar forsetakosningar, er alls ekki víst að demókratar eigi vísan sigur; sérstaklega vegna þess, að þeir eru eigi heldur á eitt sáttir. Yfirlieitt virðist mjög erfitt að leiða getum að því nú, hver muni verða kosinn forseti þegar kjósendasamkundan (electoral college) kemur saman í haust.

Afarerfitt gengur baráttu kvenfrelsiskonanna á Englandi. Leiðtogað þeirra eru dæmdir til fangelsisvistar fyrir að vera valdir að skemdirum á eignum, sem hljótast af uppþotum kvennanum. Í fangelsinu svelta konurnar sig, svo að útlit er fyrir að sumar þeirra missi heilsuna. Mrs. Pankhurst, sem er ein af allra áköf-